

Gjaldskrá Hornafjarðarhafnar

1.gr.

Almenn ákvæði

Gjaldskrá þessi fyrir Hornafjarðarhöfn er sett skv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003.

Gjaldskráin er við það miðuð að Hornafjarðarhöfn geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafna sbr. 3. gr. 5. tölulið hafnalaga.

2.gr.

Um gjaldtöku tengdri stærð skipa

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

3.gr.

Skipagjöld

3.1 Lestargjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestagjald 20,66 kr. á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

3.2 Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi:

Skip við bryggju 5,80 kr. á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 12 tíma, sem skip liggur bundið, hámark 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, 128,64 kr. á mælieiningu, en þó aldrei lægra en 15.820 kr. á mánuði.

Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en 9.203 kr. á mánuði.

Lægsta gjald fyrir einstaka komu til hafnarinnar skal vera 5.796 kr.

4.gr.

Vörugjöld

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður en skip hefur siglingu, nema annað sé sérstaklega um samið. Vörugjald er á abyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

4.1 Vörugjaldskrá:

1. fl.: Gjald 449 kr. fyrir hvert tonn:

Kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, bensín, brennsluolíur, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2. fl.: Gjald 825 kr. fyrir hvert tonn:

Lýsi og fiskimjöl.

3. fl.: Gjald 899 kr. fyrir hvert tonn:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávexti.

4. fl.: Gjald 1,60%. Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum aflu frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Seljanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan aflu um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjalðið fellur í gjalddaga um leið og aflu er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 9.132 kr. hvert tonn.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er 345 kr.

5.gr.

Hafnsögugjöld

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá aðra leið:

Fyrir leiðsögu til og frá höfninni 7.042 kr. fyrir hvert skip, auk 11,24 kr. fyrir hvert brúttótonn.

5.1 Þjónusta lóðsbátsins Björns lóðs samkvæmt tímagjaldi án mannskaps

Tímagjald Björn Lóðs	45.178 kr
Flutningur Hafnsögumanns	45.178 kr.
Tímagjald hafnarstarfsmanns dagvinna	5.957 kr.
Tímagjald hafnarstarfsmanns yfirvinnu	10.048 kr.
Lágmarksgjald vegna útkalls	125.565 kr.

5.2 Festargjöld

Fyrir hvern festarmann í dagvinnu.	5.967 kr.
Fyrir hvern festarmann í yfirvinnu	10.048 kr.

5.3 Farþegagjald

Gjald fyrir hvern farþega á skemmtiferðaskipum 318 kr.

6.gr.

Þjónustugjöld

6.1 Vatnssala

Vatnsafgreiðslugjald dagvinnutíma	13.760 kr./hver afgreiðsla utan
Vatn til skipa	515 kr./m ³
Vatn til stærri.	3.520 kr./mán.
Vatn til heimasímabáta	2.058 kr./mán.

6.2 Sorpgjald

Sorpurðunargjald fer eftir gjaldskrá sveitarfélagsins.

Fyrir sorphirðu rukka starfsmenn hafnarinnar:

Fyrir hverja sérferð	11.202 kr.
Sérferð utan dagvinnu	17.296 kr.
Almennt sorpgjald, stærð skips < 10 tonn	762 kr./mán.
Almennt sorpgjald, stærð skips 10-100 tonn	3.608 kr./mán.
Almennt sorpgjald, stærð skips > 100 tonn	5.547 kr./mán.
Fyrir hverja losun	9.796 kr.

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 og reglugerð nr. 1200 frá 2014 ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningarlaust skila fyrir komu skips til hafnar útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað skal á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Skip sem óska eftir að Hornafjarðarhöfn taki á móti úrgangi skal tilkynna um það að lágmarki 24 klst. fyrir komu til hafnar

Öll skip sem falla undir grein 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 skulu skip greiða eftirfarandi vegna úrgangs:

- Úrgangsgjald: Við komu skips til hafna skal skip greiða 1,14 kr kr. á brt. Gjald þetta er til þess að standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er 8.109 kr og hámarksgjald 67.578 kr.
- Úrgangsgjald: Gjald skv. staflið a) má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 0,54 kr. á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er 7.433 kr og hámarksgjald 33.789 kr.
- Úrgangsgjald: Skip og bátar sem koma oftast en fjórum sinnum til hafnar á almanaksárinu greiða samkvæmt b. lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.
- Úrgangsgjald: Skip og bátar sem eru undir 60 metrar að lengd, eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í Hornafjarðarhöfn skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Mánaðargjaldið skal vera 8.109 kr á mánuði.
- Förgunargjald: Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska eftir því að höfnin annist móttöku á úrganginum. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er 16.219 kr á

hvern rúmmetra og lágmarksgjald einn rúmmetra. Kjósi skipstjóri eða eigandi skips að óska eftir þjónustu viðurkennds aðila þá greiðir hann kostnað við þá þjónustu. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð á að útfylltu eyðublaði um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar, en misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

- f) Förgunargjald: Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun sorps og förgun þess ef óskað er eftir þjónustu hafnar eða viðurkennds móttökuaðila eftir gjaldskrá.
- g) Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi eða tilkynningum skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

6.3 Vogargjald

Almenn vigtun	217 kr./tonn
Lágmarksgjald fyrir einstaka vigtun	1.292 kr.
Skráningargjald afla	143 kr./tonn
Yfirvinna vigtarmanns	10.048 kr. pr. klst.

Magnafsláttur er veittur á skráningargjaldi fyrir uppsjávarfisk (síld, loðnu o.fl.) skv. eftirfarandi reglum:

1 - 10.000 tonn á ári	46,39 kr./tonn
10.001 - 20.000 tonn á ári	23,20 kr./tonn
20.001 og meira á ári	11,59 kr./tonn

6.4 Kranagjald

Kranagjald (hámark 10 skipti á mán.)	1.179 kr.
--------------------------------------	-----------

6.5 Raforkusala

Almennt raforkugjald án vsk.	21,74 kr./kwst.
------------------------------	-----------------

Tengigjald

hver afgreiðsla utan dagvinnutíma	18.161 kr.
-----------------------------------	------------

6.6 Geymslugjald á eða við hafnarbakka 159 kr. á m² í viku. Eftir þann tíma reiknast til viðbótar 3.335-kr. á dag.

6.7 Móttaka skipa sem falla undir ISPS-kóða

Öryggisgjald fyrir hverja skipakomu	50.742 kr.
Öryggisgæsla og framvernd í dagvinnu	11.907 kr.
Öryggisgæsla og framvernd í yfirvinnu	20.097 kr.

6.8 Leiga á gámasvæði-geymsla bátakerra

Lóð fyrir 40 feta gám	2.899 kr. á mán.	34.788 kr. á ári
Lóð fyrir bátakerra	2.899 kr. á mán.	34.788 kr. á ári
Geymsla á geymslusvæði	46,39 kr. p. ferm.	á mánuði

6.9 Leiga mælingatækja:

GPS Base og Rover	5.075 kr. klst.
Tæki til dýptarmælinga	21.746 kr. p. dagur

7.gr.

Aðstoð Björns lóðs við hjálparvana skip

Fyrir skip sem eiga komast til hafnar á eigin vélarafli (hjálpavana) en eru þó ekki í yfirvofandi hættu fer um greiðslu samkvæmt samkomulagi frá 16. september 1987 milli Samsteypu ísl. fiskiskipatrygginga annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands og SFS hins vegar (á við skip 100 brl. eða stærri).

7.1 Skip innan við 100 brúttótonn:

Grunngjald	186.215 kr.
Fyrir hverja rúmlest 20-70	3.262 kr.
Fyrir hverja rúmlest 70-100	5.198 kr.
Tímagjald í lausakeyrlu	45.178 kr.
Tímagjald fyrir báta í drætti	60.457 kr.

Tímagjald f. lausakeyrlu og drætti f. báta <20 brt.	45.178 kr./klst
Að auki kemur tímagjald áhafnar:	5.953 kr. dagvinna
	10.048 kr. yfirvinna

7.2 Skip stærri en 100 brúttórúmllestir:

Upphæðir vegna aðstoðar við skip stærri en 100 brúttó rúmllestir er vísað í kjaramálakafla Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. www.sfs.is.

8.gr.

Um innheimtu og greiðslu gjalda

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Heimilt er að leita samþykkis skrifstofunnar til notkunar greiðslumiðlunar við uppgjör skulda.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Hornafjarðarhafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskirteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi

upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

9.gr.

Tryggingar vegna gjaldheimtu

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. Hafnalaga nr. 61/2003. Hornafjarðarhöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

10.gr.

Virðisaukaskattur

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Hornafjarðarhöfn er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3.gr. laga nr. 50/1998 um virðisaukaskatt.

11.gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi fyrir Hornafjarðarhöfn Kt: 650371-2409 er skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004 og birtist til eftirbreytni þeim, sem eiga hlut að máli. Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. janúar 2025 jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Hornafjarðarhöfn nr. 323/2021.

Sveitarfélaginu Hornafirði xx desember 2024

Sigurjón Andrésson
bæjarstjóri